

Ed.

## 299. Frumvarp

til laga um breyting á lögum 22. október 1912 um ritsíma og talsímakerfi Íslands.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

### 1. gr.

Á eftir 7. tölulið í 2. gr. laga 22. október 1912 um ritsíma og talsímakerfi Íslands bætist inn í nýr töluliður, er hljóðar þannig:

8. Talsímalínan Sauðárkrókur—Siglufjörður. Jafnframt falli burtu 8. töluliður í 3. gr. sömu laga og eftirfarandi töluliðir þeirrar greinar breytast samkvæmt því.

### 2. gr.

Í 7. gr. sömu laga bætist aftan við 1. málsgrein: sbr. þó 8. gr.

### 3. gr.

Í 8. gr. sömu laga bætist við á eftir orðunum: »þó ekki lengri en 30 árum« ný málsgrein svohljóðandi: Áfallna vexti og afborganir af láni þessu eða lánum skal greiða af tekjuafganginum af rekstri talsíma og ritsíma landsins, áður en honum er varið til annars.

### 4. gr.

9. gr. sömu laga orðist þannig:

Það skal ávalt vera skilyrði fyrir því, að stofnsettar sju talsímastöðvar til almeningsnota, að hreppurinn ábyrgist og kosti að sínum hluta starfræksluna um 5 ár eftir þeim reglum, sem gilda um venjulegar landsímastöðvar og stjórnin ákveður nánara. Þegar ábyrgð sú, sem hlutaðeigandi hreppar við stofnun venju-

legrar talsímastöðvar hefir gefið fyrir þátttöku í reksturskostnaðinum, er útrunnin, á það að vera skilyrði fyrir áframhaldi stöðvarinnar, að hreppurinn taki að sjer og ábyrgist starfræksluna fyrir 20—60 kr. ársþóknun, ef stöðin er 3. flokks stöð með tveggja klukkustunda daglegum starfstíma, en fyrir 60—200 kr. ársþóknun, ef starfstími stöðvarinnar er 6 klukkustundir daglega og stöðin er 2. flokks stöð

Upphæð ársþóknunar til talsímastöðvanna ákveður landsstjórnin fyrir hvert einstakt tilfelli innan þeirra takmarka, sem sett eru í þessari grein, þó getur ársþóknunin orðið ákveðin hærri eða lægri, ef alveg sjerstaklega stendur á.

Til ársþóknunar telst ekki þóknun sú, er stöðvarnar nú fá fyrir burtfarin símtöl og símskeyti eftir þeim reglum, er hingað til hefir fylgt verið.

##### 5. gr.

Lög þessi öðlast gildi þann dag, sem þau eru staðfest, og skal þá færa breytingar þær og viðauka, sem ræðir um í þeim, inn í meginmál laga 22. okt. 1912 um ritsíma og talsímakerfi Íslands, og getur konungur þá gefið nefnd lög út, þannig breytt, sem lög um ritsíma og talsímakerfi Íslands.